

9. desember 2024

## **Erindi íbúaráðs Laugardals til umhverfis- og skipulagssviðs/skrifstofu samgöngustjóra með ábendingum vegna umferðaröryggismála í hverfinu.**

Á meðfylgjandi hlekk er að finna yfirlit með ábendingum er varða umferðaröryggi í Laugardal ásamt nánari staðsetningum í Laugardalnum:

<https://www.google.com/maps/d/edit?mid=13zSkhMj9sEHcOq64fSkTy81tfl-eIcY&usp=sharing>

Hér að neðan er einnig að finna stutt yfirlit yfir ábendingar.

**1. Gangbrautarmerkingar í Álfheimum.** Nauðsynlegt er að auka öryggi fyrir gangandi vegfarendur við þverun Álfheima. Slíkt þyrfti að rýna með hliðsjón sérstaklega af, annars vegar gatnamótum við Glaðheima og hinsvegar gatnamótin hjá Ljósheimum. Það eru ýmsar leiðir færar, e.t.v. að fjölga merktum gangbrautum og/eða að setja miðeyju á lengri svæðum svipað og var gert á Skeiðarvogi á sínum tíma.

**2. Skoða lausnir til að auka öryggi gangandi vegfaranda við leikskólann Sunnuás.** Við núverandi aðstæður þá hafa bílastæði leikskólans verið tekin undir bráðabirgðahúsnæði og foreldrar að koma og fara með börn sín eru oft að leggja nálægt enda Laugarássvegar beggja vegna. Ökumenn sem koma frá Langholtsvegi til vesturs hafa takmarkaða yfirsýn vegna legu vegarins í sveig til suðurs / vesturs. Etv væri gott að loka 1-2 stæðum beint fyrir framan leikskólann til að bæta yfirsýn aðvífandi bílstjóra yfir svæðið. Áhyggjurnar snúa að stöðunni þegar aðstæður verða erfiðari í vetur vegna veðurs sérstaklega.

**3. Meta kosti og galla tímabundinna lokanna í hverfinu, líkt og gert er á vinstri beyju af Bústaðarvegi inn á Reykjanesbraut á álagstímum.** Slíkar hugmyndir koma til álags af gegnumakstursumferð og tilheyrandi bílaröðum um hverfið, einkum á Langholtsvegi yfir á Holtaveg, Álfheima og Skeiðarvog. Í íbúaráðinu hafa komið fram hugmyndir um mögulegt bann við innakstri t.d. á Langholtsveg til suðurs við Sæbraut á álagstímum . Slíkt þyrfti að rýna með íbúum og e.t.v. gera tilraunir með lokun.

**4. Hrafnista - Laugarnesbíó - einstefna fyrir íbúa en opið fyrir strætó.** Íbúi á svæðinu hefur vakið athygli ráðsins á málinu. Breyting var gerð á aksturleiðum um húsagötu framan við Kleppsveg 54-66 fyrir allmörgum árum. Þarna var húsagötu breytt og er þar nú akstursleið

eingöngu fyrir strætó og aðkomuleiðum að þessum húsum fækkað verulega. Þessu hafa íbúar mótmælt og ítrekað sent erindi til Reykjavíkurborgar og lögreglu vegna þessa. Málið hefur verið rætt á vettvangi íbúaráðs Laugardals m.a. að frumkvæði Péturs V Maack og stóð til að óska eftir samtali við íbúa um mögulegar úrbætur. Er það ósk íbúaráðs Laugardals að málið verði rýnt í samráði við hagaðila.

**5. Lýsing á Holtavegi.** Lýsingu er ábótavant, ekki síst fyrir börn sem fara úr skóla í frístund.

**6. Umferðaröryggi skólabarna á gönguleiðum frá og til Laugarnesskóla.** Íbúaráði Laugardals barst fyrir nokkrum misserum erindi frá umferðarnefnd Foreldrafélags Laugarnesskóla þar sem vakin var athygli á að umferðaröryggi skólabarna væri ábótavant. Tekið er undir erindið og gerir íbúaráð neðangreinda lýsingu umferðarnefndarinnar og kemur ábendingum hennar hér með á framfæri hér að neðan:

*“Við tókum undir ábendingu íbúa í Laugardal á umferðaröryggi barna í Laugarnesskóla og skjótum þeim okkar ábendingum. Þá sérstaklega vekjum við athygli í ónægri lýsingu, sem var nýlega staðfest fyrir íbúaráðinu við kynningu á verðandi ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar. Sjá helstu niðurstöður frá foreldrafélagi Laugarnesskóla:*

*Niðurstæða umferðarnefndarinnar foreldrafélags Laugarnesskóla eftir nokkur fundahöld er að umferðaröryggi í kringum skólann og á umferðarleiðum er verulega ábótavant. Brýnastar úrbætur eru gatnamót Reykjavegar og Kirkjuteigs en það er einnig nauðsynlegt að skoða gönguljós við Sundlaugarveg þar sem leyfðar eru beygjur ökutækja yfir græn gönguljós.*

*Lýsing á gönguljósum og gangbrautum er afar léleg og í skammdeginu í vetur hefur legið við slysum og a.m.k. eitt slys hefur orðið þar sem ekið var á gangandi barn á gönguljósum.*

*Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar í þessu sambandi, til dæmis gangbrautarvarsla, en auðvitað væri best að öryggismálum væri þannig háttað að ekki þurfi mannskap til þess að gæta barnanna þegar þau fara yfir götur á leið í skólann.*

*Umferðarnefndin hyggst blása til gönguátaks eftir páska þar sem börn verða hvött til þess að ganga eða hjóla til skóla og foreldrar hvattir til að ganga með yngstu börnin. Hugmyndin er að minnka umferð við skólann á morgnana og aðstoða börnin við að verða öruggari á leið í skólann. Til þess að svo megi verða verður hins vegar að grípa til aðgerða í því sem ég nefndi hér að framan, sérstaklega við gönguljós og gangbrautir yfir umferðargötur nálægt skólanum. Til þess þarf aðkomu borgarinnar - vonandi með fulltingi íbúaráðsins.”*